

## Rýnihópur starfsfólks félagsmiðstöðva - viðtalsrammi

### Kafli 1 – Stjórnun

#### Forstöðumaðurinn sem leiðtogi

- Hvernig mynduð þið lýsa stjórnuninni í félagsmiðstöðinni?
- Eruð þið að vinna eftir ákveðinni stefnu eða gildum? Hver eru þau? Tókuð þið þátt í að móta stefnuna/gildin?
- Hvernig eru samskiptin við forstöðumenn?
- Getið þið komið skoðunum ykkar á framfæri og haft áhrif á starfið?
- Hvernig finnst ykkur ykkar hæfileikar og þekking nýtast í þessu starfi? Fáíð þið hvatningu frá stjórnendum til að nýta styrkleika ykkar, hæfileika og sérþekkingu í starfinu?

#### Stjórnun starfsstaðar

- Eru til starfslýsingar fyrir ykkar störf? Þekkið þið þær? Er ábyrgð og verkaskipting skýr?
- Fáíð þið tíma til að undirbúa starfið fyrir daginn eða vikuna?
- Fáíð þið reglulega endurgjöf á ykkar störf? Ræða stjórnendur við ykkur um hvernig þið eruð að standa ykkur í starfi?
- Hvernig er tekið á móti nýjum starfsmönnum? Er farið eftir sérstakri móttökuáætlun?
- Hafið þið fengið kynningu á starfsmannastefnu og siðareglum Reykjavíkurborgar?

#### Verklagsreglur og áætlanir

- Hefur félagsmiðstöðin gert aðgerðaáætlun? Hvernig vinnið þið með hana?
- Hafið þið fengið fræðslu um helstu áætlanir og verkferla sem þið eigið að fylgja? Finnst ykkur þið þekkja þessa ferla? (starfsáætlun, öryggisverkferlar, eineltisáætlun, forvarnarstefna Reykjavíkurborgar, tilkynningaskylda vegna barnaverndarmála, viðbragðsáætlun við alvarlegum atburðum, framkvæmdaáætlun um jafnrétti og mannréttindi)
- Er rýmingaráætlun sýnileg og eru reglulegar haldnar rýmingaræfingar?
- Fáíð þið reglulega fræðslu um forvarnir og öryggismál og viðbrögð við slysum?
- Er til áætlun um þjónustu við unglinga með stuðning? Finnst ykkur vera unnið eftir henni?

#### Faglegt samstarf

- Hvernig mynduð þið lýsa samstarfinu hérna?
- Hvernig er upplýsingaflæði til starfsmanna? Fáíð þið þær upplýsingar um starfið sem þið þurfið?
- Finnst ykkur þið hafa áhrif á starfið, er leitað eftir ykkar hugmyndum? (s.s. á innihald, skipulag og framkvæmd)
- Er ykkur treyst til að taka ákvarðanir um starfið? Hafið þið umboð til athafna?
- Er leitað eftir sjónarmiðum unglinganna? Er unglingaráð starfrækt?
- Hvernig er samstarfið við aðra sem vinna með unglungum? (s.s. foreldra, grunnskóla, aðrar félagsmiðstöðvar/fristundaheimili, þjónustumiðstöð, íþrótt- og æskulýðsfélög, skólahljómsveitir, lögreglu)

## Þróun og nýbreytni

- Hvernig er unnið að umbótum í starfinu? Eru einhver þróunarverkefni í gangi?
- Eruð þið hvött til að sækja símenntun? Fáid þið kynningu á hvað er í boði? (námskeið, ráðstefnur, styrkir, fræðsluefni á netinu, erlent samstarf)
- Farið þið í starfsþróunarviðtöl? Hversu oft?
- Eruð þið að meta starfið hér í félagsmiðstöðinni (innra mat)? Hver stýrir þeirri vinnu? (stjórnendur, matsteymi)

## Kafli 2 - Frístundastarf félagsmiðstöðvar

### Skipulag starfs og starfsaðstæður

- Hvernig er dagskrá félagsmiðstöðvarinnar kynnt fyrir unglingum, foreldrum og starfsfólki? (s.s. tölvupóstur, samfélagsmiðlar og kynningarfundir)
- Eruð þið að nota samfélagsmiðla, s.s. facebook til að miðla upplýsingum um starfið og eiga samskipti við foreldra?

### Uppeldi og menntun

- Er rætt við unglingana um gildi og viðhorf í daglegu starfi og hvernig er það gert?
- Hvernig er unnið með tjáningu?
- Hvernig er aðstaða til útináms og hreyfingar í nánasta umhverfi? Eruð þið að nýta nærumhverfið til útilífs og útináms? Farið þið í vettvangsferðir eða ferðalög og gistið yfir nótt? Hver er tilgangurinn með slíkum ferðum?
- Hvernig vinnið þið með læsi í víðum skilningi?
- Hvernig er unnið með sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfinu í starfinu? (s.s. flokkun, hreinsun og þátttaka í samfélagsverkefnum)
- Hvernig er unnið með sköpun í starfinu unglingunum? Fá unglingarnir tækifæri til að njóta menningar og lista?
- Hvernig er unnið með líkamlega hreyfingu í starfinu? Hvetjið þið unglingana til daglegrar hreyfingar og að tileinka sér heilsusamlegt mataræði? Hvernig?
- Hvernig er unnið með forvarnir í sambandi við tóbak og vímuefni?
- Ræðið þið um hreinlæti og klæðaburð við unglingana og hvernig er unnið markvisst með slíkt?
- Er markvisst rætt um jákvæð áhrif tómstundaiðkunar við unglingana? Hvernig gerið þið það?

### Starfshættir og viðfangsefni

- Taka unglingarnir þátt í að móta dagskrá og viðfangsefni í samstarfi við starfsfólk?
- Hvernig er vali þeirra á viðfangsefnum háttað? Hvað er í boði fyrir þau að gera? (fjölbreytt val)
- Er unglingum kennt að ígrunda og gagnrýna? Hvernig? Eruð þið að ræða það sem er efst á baugi í samfélaginu og það sem brennur helst á unglingum við krakkana? Hvernig?
- Finnst ykkur þið vera að leggja áherslu á reynslunám? Hvernig eru unglingarnir hvattir til að prófa sig áfram á skapandi hátt og finna merkingu?
- Hvernig hvetjið þið unglingana áfram til að nýta sér/grípa hin ýmsu námstækifæri?

## **Virk þátttaka og lýðræði**

- Hvaða leiðir notið þið til að auka unglíngalýðræði í starfinu? (s.s. með fundum, ráðum og hugmyndakössum).
- Hvernig er valið í unglíngaráð?
- Hvaða leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið unglínganna?
- Geta unglíngarnir haft áhrif á aðstöðuna í félagsmiðstöðinni? Hvernig?
- Taka unglíngarnir þátt í stefnumótunavinnu? Koma þau eitthvað að gerð starfsáætlunar?
- Geta þau haft áhrif á hópastarf? Hvernig?
- Bera unglíngarnir ábyrgð á einhverjum verkefnum og þá hverjum? Fá þeir aukna ábyrgð á starfinu í samræmi við aldur og þroska?
- Er leitað markvisst eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri og hvernig er það gert?
- Er unnið með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna? Hvernig er það gert?
- Er unnið að því að efla samfélagslega virkni unglínganna? Hvernig er það gert? (s.s. þátttaka í góðgerðar-, félags-, menningar- og íþróttastarfi)

## **Mannréttindi og margbreytileiki**

- Eruð þið markvisst að hvetja unglínga í hverfinu til að taka þátt í starfinu? Hvaða leiðir notið þið til þess?

## **Kafli 3 – Mannauður – fagmennska og starfsánægja**

- Þekkið þið starfsskrá frístundamiðstöðva?
- Þekkið þið til helstu laga og reglugerða sem snúa að frístundastarfið með börnum og unglíngum? (s.s. æskulýðslög, Barnasáttmálinn, barnaverndarlög, siðareglur)
- Hvernig lítið þið á starf ykkar almennt? (stolt, trú á gæðum, ánægja í starfi, metið að verðleikum, ánægja með samskipti)
- Er fagleg umræða áberandi í starfinu? Hverjir taka þátt í henni?
- Finnst ykkur að jafnrétti og jafnræði ríki á vinnustaðnum?
- Hvernig er starfsandinn?
- Fáíð þið hrós? Frá hverjum?
- Hvernig líður ykkur í vinnunni? Finnst ykkur gaman í vinnunni? Eruð þið að njóta ykkar og nýta ykkar hæfileika í þessu starfi?
- Hvernig er vinnuaðstaðan?

## **Kafli 4 – Staðarbragur – viðmót og menning**

- Hvernig andrúmsloft finnst ykkur einkenna vinnustaðinn? Er markvisst unnið eftir gildum félagsmiðstöðvarinnar? (liðsandinn, samvinna)
- Finnst ykkur gagnkvæm virðing og samkennd vera ríkjandi í starfinu? Er borin virðing fyrir einstaklingnum og tillit tekið til ólíkara sjónarmiða?
- Hvað einkennir viðhorf starfsfólks til unglínganna? (trú á getu) Hvernig kemur það fram í starfinu?
- Hvað gerið þið þegar unglíngar standa frammi fyrir áskorunum? (hvatning?)

- Finnst ykkur unglíngarnir líta á ykkur sem fyrirmyndir? (t.d. varðandi heilsueflandi lífsstíll, talsmáli og hegðun)
- Eru ákveðnar reglur í gildi í félagsmiðstöðinni? Koma unglíngarnir að mótun þeirra?
- Hvernig gengur ykkur að fylgja reglunum eftir?
- Hvað gerið þið ef ágreiningsmál koma upp á milli unglínganna?

**Að lokum – sterkar og veikar hliðar**